

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Austurvegur á Hvolsvelli, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 13. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi við Austurveg í gegnum Hvolsvöll. Deiliskipulagið tekur til lóða við Austurveg 1-3. Með breytingunni er verið að sameina fjórar lóðir, auka byggingarmagn við Austurveg 1 og gera ráð fyrir hleðslugarði fyrir stærri ökutæki. Samhliða eru gerðar minniháttar breytingar á hótélreit við Lyngmóa 5. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 9. desember 2025.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 12. desember 2025